

(B. XXV, 1).

Nð.

55. Frumvarp

til laga um brunatryggingar í Reykjavík.

Flutningsmenn: Jón Þorláksson, Jón Baldvinsson, Jakob Möller,
Magnús Jónsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að semja við eitt eða fleiri bruna-

bótafjelög um tryggingu gegn eldsvoða á öllum húsum í Reykjavík, enda staðfesti atvinnumálaráðherra slíkan samning.

Tekjur þær, sem verða af starfseminni samkvæmt slíkum samningi, skulu skattfrjálsar til bæjarsjóðs og rikissjóðs.

2. gr.

Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna, trygð hjá tjeilögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Bæjarstjórnin skal hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álitur hæfilega.

Hinn 1. apríl 1924 skulu öll hús, sem þá eru trygð hjá hinu almenna brunabótafelagi kaupstaðanna, tekin í ábyrgð fyrir sömu upphæð og þau eru trygð fyrir, en hús, sem kunna að vera ótrygð, skal virða fyrir 1. október 1924, og hús, sem ekki hafa verið virt eftir 1. janúar 1917, skal endurvirða fyrir sama tíma. Ný hús skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau eru fullgerð eða tekin til afnota.

3. gr.

Öll iðgjöld og virðingargjöld hvila á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrjetti fyrir öðrum skuldbindingum, sem hvila á eignunum, og sju iðgjöldin ekki greidd á rjettum gjalddaga, má heimta þau eftir þeim reglum, sem gilda um lögtök á sköttum til rikissjóðs.

4. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að sjá um, að bærinn hafi vel skipað slökkvilið og nauðsynleg slökkvitól, sem haldið sje vel við.

Allir karlmenn í bænum, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, bæði við æfingar og við að slökkva eld, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, sem bæjarstjórnin semur, en atvinnumálaráðherra staðfestir, og má í þeirri samþykkt ákveða sektir, allt að 1000 krónum, fyrir brot á ákvæðum hennar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Reykjavíkur.

5. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð samkvæmt 4. gr. skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1924 kl. 12 á hádegi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 32, 13. desember 1895, um eldsvoðaábyrgð fyrir Reykjavík.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 32, 13. desember 1895, um eldsvoðaábyrgð fyrir Reykjavík, eru öll hús í Reykjavík trygð gegn brunatjóni hjá hinu almenna brunabótafjelagi kaupstaðanna í Danmörku.

Fjelag þetta hefir undanfarin ár krafist þess, að iðgjöld yrðu hækkuð mjög frá því, sem verið hefir, og nam þessi hækkun alls um 107 %. Bæjarstjórninni þólti þetta algerlega óaðgengilegt og samningatilaunum lauk svo, að fjelagið sagði upp tryggingunum í Reykjavík frá 1. apríl 1924 kl. 12 á hádegi að telja.

Síðan hefir bæjarstjórnin leitast fyrir um ný sambönd í þessu efni, bæði í Danmörku, Noregi og Englandi, og það hefir verið reynt að koma þessu máli svo fyrir, að brunabótafjelag Íslands, eða nýtt innlent fjelag tæki að sjer tryggingarnar, með endurtryggingu hjá erlendum fjelögum. Niðurstaða þessara umleitana hefir orðið sú, að fengist hefir sæmilega viðunandi samningur við tvö dönsk brunabótafjelög »Assurance-Compagniet Baltica« og »Nye danske Brandforsikringsselskab af 1864.« Hefir bæjarstjórnin samið við þessi fjelög um tryggingarnar til 5 ára frá 1. apríl 1924 kl. 12 á hádegi, og verða iðgjöldin samkvæmt samningnum alls um 31 % hærri en nú.

Samningurinn er auðvitað þeim skilyrðum bundinn, að sett verði lög, er skyldi húseigendur til að tryggja hús sín hjá þessum fjelögum, og er lagafrumvarp þetta borið fram þess vegna.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið frumvarpið, sem er sniðið eftir lögnum frá 1895, með þeim breytingum, sem leiða af því, að ekki er lengur samið við sama fjelagið og að ábyrgðin er ekki gagnkvæm. Þess skal þó getið, að ákvæðið í 1. gr. um skattfrelsi er ekki í gömlu lögnum, en það hefir ávalt verið litið svo á af skattstjórnarvöldunum, að hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna væri ekki skattskytt hjer, enda hefir það aldrei greitt nein gjöld í ríkis- eða bæjarsjóð. Samningurinn, sem bæjarstjórnin hefir nú gert, er bundinn því skilyrði, að eins verði litið á starfsemi þessa framvegis, og þykir rjett að taka þetta beint fram í lögnum.

Ákvæðin í 2. gr. um virðingar húsa eru setti samráði við samningsaðilja bæjarstjórnarinnar, en slík ákvæði eru ekki í gömlu lögnum, af því að þau voru í samþykkt þeirri, sem gildir fyrir hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna og er staðfest af dönsku ríkisstjórninni.

Vegna þess að allar húseignir í Reykjavík eru ekki samkvæmt eldri samningum trygðar gegn brunatjóni lengur en til 1. apríl 1924 kl. 12 á hádegi, er nauðsynlegt, að frumvarp þetta verði afgreitt svo fljótt, að það geti orðið að lögum fyrir þann tíma.